

Föstudaginn 5. febrúar 1937.

Nr. 108/1936. **Borgarstjórinn í Reykjavík f. h.**
bæjarsjóðs (Garðar Þorsteinsson)
 gegn

Guðlaugu Pálsdóttur

(Stefán Jóh. Stefánsson).

Sveitarsjóður í dvalarsveit móður óskilgetinna barna sýknaður af kröfu hennar um greiðslu meðlags með þeim, með því að talið var, að stjúpfoður þeirra væri skylt að framfæra þau.

Dómur gestaréttar Reykjavíkur 27. júní 1936: Stefndum, borgarstjóra Reykjavíkur f. h. bæjarstjórnar, ber að greiða stefnöndu, Guðlaugu Pálsdóttur, úr bæjarsjóði meðlög með tveimur börnum hennar samkv. úrskurðum um meðlag barnsföður hennar frá 14. desember 1934. Svo greiði stefndur og 75 krónur í málskostnað.

Dóminum ber að fullnægja innan 3 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstaréttar.

Áfrýjandi hefir krafizt sýknu í máli þessu af kröfum stefndu og málskostnaðar bæði í héraði og fyrir hæstarétti. Stefnda, sem hefir fengið gjafvörn fyrir hæstarétti og sér skipaðan talsmann, hefir krafizt staðfestingar á hinum áfrýjaða dómi og málskostnaðar fyrir hæstarétti, eins og málið væri ekki gjafvarnarmál.

Þann 26. nóv. 1925 ól stefnda óskilgetið barn, og var faðir að því Hafliði nokkur Þorsteinsson, sem nú er talinn til heimilis í Norðtungu í Mýrasýslu. Enn ól stefnda óskilgetið barn þann 5. apríl 1927, og var Hafliði einnig faðir að því. Eftir því, sem upplýst er í málinu, giftist stefnda árið 1933 öðrum

manni en nefndum barnsföður sínum, og hafa þau hjón síðan búið saman í Reykjavík, enda hafa börn hennar áðurnefnd dvalizt á heimili þeirra síðan.

Með úrskurði sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu, útgefnum 14. des. 1934, var nefndur Hafliði skyldaður til að greiða meðlag með fyrra barninu frá 26. ágúst 1934, 480 krónur á ári til 14 ára aldurs þess og 300 krónur árlega þaðan af til 16 ára aldurs þess. Og skyldi meðlagið greiða misseri hvert fyrirfram með gjalddögum 26. nóv. 26. maí ár hvert. Einnig var téður Hafliði skyldaður með úrskurði sama sýslumanns sama dag sem hinn fyrrnefndi úrskurður var útgefinn til að greiða meðlag með síðara barninu, 170 krónur á ári frá 5. apríl 1931 til 26. maí 1933 og frá 26. ágúst 1934 til 9 ára aldurs barnsins 400 krónur á ári, og síðan 480 krónur á ári til 14 ára aldurs þess. Skyldi meðlag þetta og greiða fyrirfram fyrir hvert misseri á gjalddögum 5. apríl og 5. okt. ár hvert. Hafliði greiddi eigi meðlögin, og fékk stefnda þau greidd úr bæjarsjóði Reykjavíkur, með fyrra barninu frá 26. ágúst 1934 til 26. maí 1936 og með síðara barninu frá 26. ágúst 1934 til 5. apríl 1936. Virðist fátækrastrjórn Reykjavíkur hafa talið bæjarsjóði skylt að greiða meðlögin, með því að Reykjavík var dvalarsveit stefndu, samkvæmt þágildandi lögum, enda þótt stefnda væri þá gift og án tillits til framfærslugetu stjúpföður barnanna. En meðlög þau, er féllu í gjalddaga eftir að hin nýju framfærslulög nr. 135/1935 komu til framkvæmdar (1. jan. 1936), taldi áfrýjandi bæjarsjóði óskylt að greiða og skirskotaði þeirri skoðun sinni til stuðnings til 62. gr. nefndra laga, er hann taldi hafa breytt eldri ákvæðum að því leyti. Vegna synjunar þessarar höfðaði

stefnda mál þetta og krafðist þess, að bæjarsjóður Reykjavíkur yrði skyldaður til að greiða henni meðlögin framvegis, að því, er telja verður, með fyrrfædda barninu frá 26. maí 1936 og með síðar fædda barninu frá 5. apríl s. á.

Það verður að telja þá meginreglu hafa gilt og gilda enn hér á landi, að maður fái ekki styrk sér eða sínum til framfærslu úr sveitar- eða bæjarsjóði, nema sýnt sé, að hann geti ekki framfært sig eða þá af sjálfs sín ramleik, sbr. 1. gr. laga nr. 44/1905, 1. gr. og 2. mgr. 19. gr. laga nr. 43/1927 og 1. gr. nógildandi framfærslulaga nr. 135/1935. Fyrir-mælin um rétt móður óskilgetins barns til meðlagsheimtu af dvalarsveit sinni, sbr. 26. gr. laga nr. 46/1921 og lög nr. 39/1935 og um samskonar rétt skilinna hjóna samkvæmt 60., sbr. 55., 57., 75., og 77. gr. laga nr. 39/1921, verður öll að telja undantekningarákvæði frá áðurnefndri meginreglu. Þau virðast og vera miðuð við það, að eigi sé, auk meðlagsheimtanda og þess, er úrskurðað hefir verið skylt að greiða meðlag, annar maður framfærsluskyldur, sem þá skyldu innir að fullu af hendi. Og virðast ákvæði 2. mgr. 19. gr. laga nr. 43/1927, 5. gr. 26. og 62. gr. laga nr. 135/1935 bera þessu vitni. Í þessu máli er atvikum svo varið, að stefnda giftist, svo sem fyrr segir, árið 1933, og stjúpföður oftnefndra barna hennar varð þar með skylt að framfæra þau samkvæmt 4. gr. laga nr. 43/1927, er þá voru í gildi, og stendur sú skylda óbreytt samkvæmt 4. gr. laga nr. 135/1935, enda er því ómót-mælt haldið fram í máli þessu, að stjúpfaðir barnanna hafi veitt þeim framfæri síðan bæjarsjóður Reykjavíkur hætti að greiða meðlögin. Í þessu máli eru því eigi fyrir hendi þau atvik, er undantekn-

ingarreglan um greiðsluskyldu dvalarsveitar á meðlögum, er manni hefir verið úrskurðað skylt að greiða, tekur til, og verður því að taka sýknukröfu áfrýjanda til greina.

Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti falli niður, og að málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, er ákveðast 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Því dæmist rétt vera:

Áfrýjandi, borgarstjórinn í Reykjavík f. h. bæjarsjóðs, á að vera sýkn af kröfum stefndu, Guðlaugar Pálsdóttur, í máli þessu.

Málskostnaður bæði í héraði og fyrir hæstarétti fellur niður. Málflutningslaun skipaðs talsmanns stefndu fyrir hæstarétti, Stefáns Jóh. Stefánssonar hæstaréttarmálflutningsmanns, 100 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Framfærslustjóri Reykjavíkur hefir lagt þann skilning í ákvæði 62. gr. framfærslulaganna frá 31. des. 1935, að barnsmóðir, sem gifzt hefir öðrum en barnsföður sínum lifandi, sé með nefndu ákvæði svipt þeim almenna rétti, sem barnsmæður hafa haft og ákveðinn er í lögum nr. 39. frá 28. janúar 1935 til að fá greiðslu meðalmeðlags með óskilgetnu barni sínu frá heimilissveit sinni, þótt skilyrði þau, er í þessum lögum greinir, séu fyrir hendi. Með úrskurði 27. apríl s. l. hefir atvinnumálaráðuneytið fellt úrskurð um þetta atriði, sem er gagnstæður skilningi framfærslustjórnar Reykjavíkur.

Er nú mál það, sem hér liggur fyrir, höfðað fyrir gestaréttinum með samkomulagi aðilja með stefnu, dags. 22. þ. m., og að fenginni gjafsókn. Stefnandi, Guðlaug Páls-

dóttir, er kona gift þýzkum manni, búsettum hér í bænum, en hafði áður átt tvö börn óskilgetin með manni nokkrum islenskum, nú til heimilis í Norðtungu í Þverárhlið. Hafði stefnanda fengið greidd úr bæjarsjóði Reykjavíkur úrskurðuð meðlög með tédum börnum sínum, sem fallin voru í gjalddaga fyrir 1. jan. s. l., en er hún krafðizt greiðslu meðlags eftir þann tíma, var henni synjað greiðslunnar með þeim rökum, sem áður greinir. Hér fyrir réttinum gerir hún því þær kröfur, að stefndur, borgarstjóri f. h. bæjarstjórnar, verði skyldaður til að greiða henni meðlag með börnunum samkv. úrskurðum sýslumannsins í Mýra- og Borgarfjarðarsýslu frá 14. des. 1934 um meðlag af hálfu barnsföður hennar, sem eigi hefir verið véfengt, að væri í lögmæltu lagi. Svo krefst stefnanda, að stefndur verði dæmdur til að greiða málskostnað að skaðlausu.

Stefndur hefir krafizt sýknu og sér tildæmdan málskostnað.

Til skýringar því, hvort framfærslulögin hafi gert breytingar á rétti barnsmæðra og skyldu stjúpfæðra á þann veg, er framfærslustjórn Reykjavíkur heldur fram, er rétt að athuga í aðalatriðum þróun löggjafarinnar um þetta efni. Það var fyrst leitt í lög árið 1900, að barnsmæður hefðu rétt til, með nánari ákveðnum skilyrðum, að krefjast greiðslu meðlags hjá dvalarsveit sinni, er síðar átti endurkröfurétt hjá framfærslusveit barnsföður. Þessi endurkröfuréttur var þó ekki heimill, ef barnsfaðir var látinn áður en meðlagið féll í gjalddaga og taldist í því falli meðlag það, er dvalarsveit barnsmóður hafði greitt, sem sveitarstýrkur veittur henni, nema meðlagið væri þegar í stað endurgreitt. Í fátækralögunum frá 1905 voru þessi ákvæði talin (sic) upp óbreytt og héldust þau í lögum, þar til lög nr. 46/1921 um afstöðu foreldra til óskilgetinna barna felldu það ákvæði niður, að skylda framfærslusveit barnsföður til endurgreiðslu meðlagsins til dvalarsveitar barnsmóður hætti (sic), er barnsfaðir hafði látizt áður en meðlagið féll í gjalddaga, og var meðlagsskylda af föðurins hálfu, þ. e. framfærslusveitar hans, gerð fortaklaus, enda þótt hann væri látinn. Með 61. gr. framfærslulaganna er þessi meðlagsgreiðsla af hálfu framfærslusveitar barnsföður felld niður og að því leyti vakin upp aftur hin eldri, regla fátækralaganna frá 1905, en á hinn bóginn er réttur

barnsmóður þó ekki látinn líða við þetta, heldur getur hún krafizt af heimilissveit sinni meðlags, sem svarar til þess, er barnsfaðir ætti að greiða, en þetta meðlag er talinn styrkur til munaðarlaus barns og er óendurkræfur og aldrei talinn barnsmóður til skuldar.

Í 4. gr. fátækralaganna frá 1905 var það leitt í lög, að stjúpföður væri skylt að framfæra og uppala stjúpbörn sín, en jafnframt var það tekið fram berum orðum, að framfærsluskylda föður slíkra barna héldist eins fyrir það sóm og áður en kona giftist þessum manni sinum. Þessi fyrirmæli hafa alla tíð haldizt óbreytt síðan og eru nú tekin upp í framfærslulögin. Það var aldrei dregið í efa, að barnsmóðir, sem giftzt hefði öðrum manni, héldi fyrir það hinum almenna rétti barnsmæðra til greiðslu meðalmeðlags hjá dvalarsveit sinni, og í framfærslulög- unum nýju er það hvergi orðað að svipta barnsmóður öðrum gifta þessari leið til greiðslu meðalmeðlags af hálfu barnsföður. Af hálfu stefnds er því haldið fram, að þetta felist í ákvæði 62. gr. framfærslulaganna samkv. lögjöfnuði frá hinu orðaða ákvæði greinarinnar. En á þenna skilning verður ekki fallizt. Það er framfærslustyrkur, sem veittur er munaðarlausu barni, sem fellur niður, er barnsmóðirin hefir fengið nýjan framfærslumann við hlið sér að barni sínu. Þenna framfærslustyrk ber heimilissveit barnsmóður að veita henni af eigin sveitarfé sínu, en honum er af henni létt við giftingu barnsmóður. Það er alger eðlismunur á framfærslustyrk veittum munaðarlausu barni og meðlagsfúlgu, sem barnsfaðir skal greiða og þessvegna á hin umrædda lögjöfnun sér engan stað.

Þar sem framfærslulögin hvergi hafa orðað þá breytingu á hinni eldri löggjöf, að barnsmóðir, sem gift er öðrum, en á lifandi barnsföður, skuli svipt hinni almennu lögmæltu leið barnsmæðra til innheimtu meðalmeðlags af hálfu barnsföður síns, þá verður að taka kröfu stefnöndu sem ómótmælt á framfærslurétt hér á landi, til greina, og dæma stefndan til að greiða málskostnað, sem ákveðst hæfilegur 75 krónur, enda hefir máflutningur gjafsóknarhafans verið vítalaus.